

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 65/2014****2016/EES/05/45****frá 1. október 2013****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar
bakarofna og gufugleypa til heimilisnota (*)**FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

veiti birgjum virka hvata til að bæta frekar orkunýtni þessara tækja og til að flýta fyrir umbreytingu markaðarins í átt að orkunýttinni tækni, ætti að fella tilskipun 2002/40/EB úr gildi og mæla ætti fyrir um ný ákvæði.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum⁽¹⁾, einkum 10. gr.,

5) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að gilda um rafmagns- og gasbakarofna til heimilisnota, þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum, sem og um rafmagnsgufugleypa til heimilisnota.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

6) Í reglugerð þessari ætti að taka upp endurskoðaðan kvarða fyrir orkunýtni frá A+++ til D fyrir alla bakarofna sem um er að ræða sem og nýjan kvarða fyrir orkunýtni frá A til G þar sem „+“ er bætt við kvarðann á tveggja ára fresti þar til A+++ flokki hefur verið náð fyrir gufugleypa til heimilisnota, þessum viðbótarflokkum ætti að bæta við til þess að hraða markaðssókn tækja með mikla orkunýtni.

2) Orkunotkun rafmagnsbakarofna er verulegur hluti af heildarorkuþörf í Sambandinu. Til viðbótar við umbætur í orkunýtni sem þegar hafa náðst eru möguleikar á að draga frekar úr orkunotkun þessara tækja talsverðir.

7) Gert er ráð fyrir að samanlögð áhrif ákvæða sem sett eru fram í þessari reglugerð sem og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 66/2014⁽²⁾ að því er varðar kröfur varðandi visthönnun bakarofna, helluborða og gufugleypa til heimilisnota muni leiða til árlegs frumorkusparnaðar sem nemur 27PJ/á ári árið 2020 sem eykst í 60PJ/á ári eigi síðar en 2030.3) Ákvæði um orkumerkingar rafmagnsbakarofna til heimilisnota voru ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB frá 8. maí 2002 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafmagnsbakarofnum til heimilisnota⁽²⁾.

8) Hljóðafllsstig gufugleypis til heimilisnota getur haft mikla þýðingu fyrir endanlega notendur. Á merkimiðum gufugleypa til heimilisnota ættu að vera upplýsingar um hljóðafllsstig til að gera endanlegum notendum kleift að taka upplýsta ákvörðun.

4) Tækniþróun á sviði eldunartækja til heimilisnota hefur verið hröð á undanförunum árum. Undirbúningsrannsóknirnar varðandi visthönnun sýndu fram á að gasbakarofnar og gufugleypar til heimilisnota bjóði upp á mikla möguleika til orkusparnaðar. Til að tryggja að orkumerkimiðinn

9) Upplýsingarnar sem tilgreindar eru á viðkomandi merkimiðum ættu að vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum útreikningum og mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 311/2015 frá 11. desember 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 128, 15.5.2002, bls. 45.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 29, 31.1.2014, bls. 33.

sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópskum staðlastofnunum, sem taldir eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun⁽⁴⁾.

- 10) Í þessari reglugerð ætti að tilgreina samræmda hönnun og innihald merkinga bakarofna til heimilisnota, þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum sem og fyrir rafmagnsgufugleypa til heimilisnota.
- 11) Í reglugerð þessari ætti að tilgreina kröfur um tæknigögn og upplýsingablað fyrir bakarofna til heimilisnota, þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum, sem og fyrir rafmagnsgufugleypa, einnig þegar þeir eru notaðir í öðrum tilgangi en til heimilisnota.
- 12) Í reglugerð þessari ætti að tilgreina kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis fyrir bakarofna til heimilisnota (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum) sem og fyrir rafmagnsgufugleypa, einnig þegar þeir eru notaðir í öðrum tilgangi en til heimilisnota.
- 13) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara og einkum hvort sú aðferð sem fylgt er við ákvörðun á orkunýtniflokkum bakarofna til heimilisnota sé skilvirk og viðeigandi,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um rafmagns- og gasbakarofna til heimilisnota (þ.m.t. þegar þeir eru hluti af eldavélum) og fyrir rafmagnsgufugleypa, þ.m.t. þegar þeir eru seldir til annars en heimilisnota.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um:
 - a) bakarofna sem nota aðra orkugjafa en rafmagn eða gas,
 - b) bakarofna sem bjóða upp á aðgerðina „örbylgjuhitun“,
 - c) litla bakarofna,
 - d) færanlega bakarofna,
 - e) bakarofna til að halda heitu,
 - f) bakarofna þar sem meginhitunarvirknin er hitun með gufu,
 - g) bakarofna sem hannaðir eru eingöngu fyrir notkun gass í „þriðja flokki“ (própan og bútan).

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „bakarofn“: tæki eða hluti tækis sem hefur eitt eða fleiri hólf, sem notar rafmagn og/eða gas og matvæli eru tilreidd í með hefðbundnum ham eða blástursham,
- 2) „hólf“: lokað rými þar sem hægt er að stýra hita til að tilreiða matvæli,
- 3) „bakarofn með fleiri en eitt hólf“: bakarofn með tvö eða fleiri hólf sem hituð eru hvert fyrir sig,
- 4) „lítill bakarofn“: bakarofn þar sem öll hólf hafa breidd og dýpt sem er minni en 250 mm eða hæð sem er minni en 120 mm,
- 5) „færanlegur bakarofn“: bakarofn sem er innan við 18 kíló að þyngd, að því tilskildu að hann sé ekki hannaður til að vera innbyggður,
- 6) „örbylgjuhitun“: hitun matvæla með rafsegulorku,
- 7) „hefðbundinn hamur“: notkunarhamur bakarofns sem aðeins notast við náttúrulegt varmastreymi til að dreifa hituðu lofti innan hólfis bakarofnsins,
- 8) „blásturshamur“: hamur bakarofns þar sem innbyggð vifta dreifir hituðu lofti innan hólfis bakarofnsins,
- 9) „lota“: hitunartími á stöðluðu magni í hólfu bakarofns við skilgreindar aðstæður,
- 10) „eldavél“: tæki sem samanstendur af bakarofni og helluborði sem notast við gas eða rafmagn,
- 11) „notkunarhamur“: staða bakarofns á meðan á notkun stendur,
- 12) „varmagjafi“: megin orkuform til hitunar á bakarofni,
- 13) „gufugleypir“: tæki sem er knúð af hreyfli sem það stjórnar og er ætlað að safna menguðu lofti yfir helluborði eða sem felur í sér niðursogskerfi sem ætlað er til innsetningar við hlið eldavéla, helluborða og sambærilegra vara til eldunar, sem dregur gufu niður í innri útblástursrás,
- 14) „sjálfvirkur hamur á meðan á eldun stendur“: ástand þar sem loftstreymi gufugleypis, á meðan á eldun stendur, er stýrt sjálfkrafa með nemum, þ.m.t. að því er varðar raka, hitastig, o.s.frv.,
- 15) „gufugleypir sem er að fullu sjálfvirkur“: gufugleypir með stillingar fyrir loftstreymi og/eða aðrar aðgerðir sem er stýrt sjálfvirkt með nemum allan sólarhringinn, þ.m.t. á meðan á eldun stendur,

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

- 16) „besta orkunýtni“ (BEP): vinnslustig gufugleypis við hámarksorkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}),
- 17) „nýtni lýsingar“ (LE_{hood}): hlutfall á milli meðallýsingar lýsingarkerfis gufugleypis til heimilisnota og afls lýsingarkerfisins í lúx/W,
- 18) „fitusíunaraðköst“ (GFE_{hood}): sá hluti fitu sem verður eftir í fitusíu gufugleypis,
- 19) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaðurinn er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk, eða gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði eða gefur einungis til kynna virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB⁽⁵⁾,
- 20) „Reiðuhumur“: ástand þar sem tækið er tengt rafkerfinu, er háð raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birtingu upplýsinga eða stöðu, sem geta varað ótímabundið,
- 21) „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkan ham, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýringu, innbyggðum nema eða tímamæli, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. meginaðgerð,
- 22) „birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,
- 23) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að vöru,
- 24) „sölustaður“: staður þar sem tækin eru til sýnis og/eða boðin til sölu eða leigu,
- 25) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti og önnur tegund sem sami framleiðandi eða innflytjandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

3. gr.

Ábyrgð birgja og tímaáætlun

Birgjar skulu sjá til þess að:

- 1) að því er varðar merkimiða, upplýsingablöð og tæknigögn

a) fyrir bakarofna til heimilisnota:

- i. hverjum bakarofni til heimilisnota fylgi prentaður merkimiði (eða merkimiðar) sem inniheldur upplýsingar á því sniði sem sett er fram í 1. lið III. viðauka, fyrir hvert hólfi bakarofnsins,
- ii. vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í A-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt fyrir bakarofna til heimilisnota sem settir eru á markað,
- iii. tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í A-lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna, sé þess óskað,
- iv. allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund bakarofns til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,
- v. allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund bakarofns til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar,
- vi. rafrænn merkimiði á þessu sniði sem inniheldur upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. lið III. viðauka sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hvert hólfi í hverri tegund bakarofna til heimilisnota,
- vii. rafrænt vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í A-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt söluaðilum fyrir hverja tegund bakarofna til heimilisnota,
- b) fyrir gufugleypa til heimilisnota:
- i. hverjum gufugleypi til heimilisnota fylgi prentaður merkimiði sem inniheldur upplýsingar á því sniði sem sett er fram í 2. lið III. viðauka,
- ii. vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í B-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað,
- iii. tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í B-lið V. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna, sé þess óskað,
- iv. allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund gufugleypis til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,
- v. allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund gufugleypis til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum mæliþáttum þeirra, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar,
- vi. rafrænn merkimiði á þessu sniði sem inniheldur upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. lið III. viðauka sé gerður aðgengilegur söluaðilum fyrir hverja tegund gufugleypa til heimilisnota,

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar 89/336/EEB (Stjtið. EB L 390, 31.12.2004, bls. 24).

vii. rafrænt vöruupplýsingablað, eins og sett er fram í B-lið IV. viðauka, sé gert aðgengilegt söluaðilum fyrir hverja tegund gufugleypa til heimilisnota,

2) að því er varðar nýtniflokka:

- a) fyrir bakarofna til heimilisnota skal orkunýtniflokkur hólf bakarofnsins ákvarðaður í samræmi við 1. lið I. viðauka og 1. lið II. viðauka,
- b) fyrir gufugleypa til heimilisnota:
 - i. orkunýtniflokkar skulu ákvarðaðir í samræmi við a-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.1 í II. viðauka,
 - ii. orkunýtniflokkar vökvastreymis skulu ákvarðaðir í samræmi við b-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.2 í II. viðauka,
 - iii. orkunýtniflokkar lýsingar skulu ákvarðaðir í samræmi við c-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.3 í II. viðauka,
 - iv. afkastaflokkar fitusíunar skulu ákvarðaðir í samræmi við d-lið 2. liðar I. viðauka og lið 2.4 í II. viðauka,

3) að því er varðar snið merkimiða:

- a) að því er varðar bakarofna til heimilisnota skal snið merkimiðans fyrir hólf bakarofns vera eins og sett er fram í 1. lið III. viðauka, fyrir tæki sem sett eru á markað frá 1. janúar 2015,
- b) fyrir gufugleypa til heimilisnota, skal snið merkimiðans vera eins og sett er fram í 2. lið III. viðauka, samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:
 - i. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2015 í orkunýtniflokkum A, B, C, D, E, F og G skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.1 í III. viðauka (merkimiði 1) eða, þar sem birgjar telja það viðeigandi, við lið 2.1.2 í sama viðauka (merkimiði 2),
 - ii. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2016 í orkunýtniflokkum A⁺, A, B, C, D, E og F skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.2 í III. viðauka (merkimiði 2) eða, þar sem birgjar telja það viðeigandi, við lið 2.1.3 í sama viðauka (merkimiði 3),
 - iii. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2018 í orkunýtniflokkum A⁺⁺, A⁺, A, B, C, D og E skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.3 í III. viðauka (merkimiði 3) eða, þar sem birgjar telja það viðeigandi, við lið 2.1.4 í sama viðauka (merkimiði 4),
 - iv. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem settir eru á markað frá 1. janúar 2020 í orkunýtniflokkum A⁺⁺⁺, A⁺⁺, A⁺, A, B, C og D skulu merkimiðar vera í samræmi við lið 2.1.4 í III. viðauka (merkimiði 4).

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

1) fyrir bakarofna til heimilisnota:

- a) setji birgjar, fyrir alla bakarofna sem sýndir eru á sölustað, merkimiða fyrir hvert hólf í samræmi við i. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr., framan eða ofan á tækið eða í nálægð við það, þannig að það sé auðgreinanlegt og vel sjáanlegt að þetta sé merkimiðinn sem tilheyrir þeirri tegund án þess að þurfa að lesa tegundarheiti og tegundarnúmer á merkimiðanum,
- b) séu bakarofnar sem eru boðnir til sölu eða leigu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við A-lið VI. viðauka við þessa reglugerð, í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna, eins og tilgreint er í 7. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, nema þeir séu boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,
- c) allar auglýsingar fyrir öll snið og miðla í fjarsölu og markaðssetningu er varða sérstaka tegund bakarofna til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,
- d) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund og lýsir sérstökum tæknilegum mælipáttum bakarofna, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar,

2) fyrir gufugleypa til heimilisnota:

- a) öllum gufugleypum sem sýndir eru á sölustað fylgi merkimiði frá birgjum í samræmi við i. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr., framan eða ofan á tækinu eða í nálægð við það, þannig að það sé auðgreinanlegt og vel sjáanlegt að þetta sé merkimiðinn sem tilheyrir þeirri tegund án þess að þurfa að lesa tegundarheiti og tegundarnúmer á merkimiðanum,
- b) gufugleypar til sölu eða leigu séu markaðssettir með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við B-lið VI. viðauka við þessa reglugerð, í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna, eins og tilgreint er í 7. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, nema þegar þeir eru boðnir til sölu eða leigu á Netinu en þá gilda ákvæði VII. viðauka,
- c) allar auglýsingar fyrir öll snið og miðla í fjarsölu og markaðssetningu er varða sérstaka tegund gufugleypa til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,
- d) allt tæknilegt kynningarefni, sem varðar sérstaka tegund og lýsir sérstökum tæknilegum mælipáttum gufugleypa til heimilisnota, innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Aðferðir við mælingar og útreikninga

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra útreikninga og mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.

6. gr.

Sannpröfunaraðferð vegna markaðseftirlits

Þegar markaðseftirlitsprófanir eru framkvæmdar til að sjá hvort þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð þessari eru uppfylltar skulu yfirvöld aðildarríkis beita sannpröfunaraðferðinni sem lýst er í VIII. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en 1. janúar 2021.

8. gr.

Niðurfelling

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB falli úr gildi frá og með 1. janúar 2015.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Bakarofnar til heimilisnota, sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og settir eru á markað eða boðnir til sölu, leigu eða kaupleigu fyrir 1. janúar 2015, skulu teljast uppfylla kröfur tilskipunar 2002/40/EBE.

2. Frá 1. janúar til 1. apríl 2015 mega birgjar beita b-lið 1. mgr. 4. gr. vegna tiltekinna bakarofna sem falla undir þau ákvæði.

3. Frá 1. janúar til 1. apríl 2015 mega birgjar beita b-lið 2. mgr. 4. gr. vegna tiltekinna gufugleypa sem falla undir þau ákvæði.

10. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún gildir frá og með 1. janúar 2015. Ákvæði iv. og v. liðar í a-lið 1. mgr. 3. gr., iv. og v. liðar í b-lið 1. mgr. 3. gr., b-, c- og d-liðar 1. mgr. 4. gr. og b, c, og d-liðar 2. mgr. 4. gr. gilda þó frá 1. apríl 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

1. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

Orkunýtniflokkar bakarofna til heimilisnota skulu ákvarðaðir sérstaklega fyrir hvert hólfi í samræmi við gildin sem sett eru fram í töflu 1 í þessum viðauka. Orkunýtniflokkur bakarofna skal ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar bakarofna til heimilisnota

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull (EEI_{cavity})
A+++ (hámarksnýtni)	$EEI_{cavity} < 45$
A++	$45 \leq EEI_{cavity} < 62$
A+	$62 \leq EEI_{cavity} < 82$
A	$82 \leq EEI_{cavity} < 107$
B	$107 \leq EEI_{cavity} < 132$
C	$132 \leq EEI_{cavity} < 159$
D (lakasta nýtni)	$EEI_{cavity} \geq 159$

2. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

- a) Orkunýtniflokkar gufugleypa til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við gildin sem sett eru fram í töflu 2 í þessum viðauka. Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) gufugleypa til heimilisnota skal reiknaður út í samræmi við lið 2.1 í II. viðauka.

Tafla 2

Orkunýtniflokkar gufugleypa til heimilisnota

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull (EEI_{hood})			
	Merkimiði 1	Merkimiði 2	Merkimiði 3	Merkimiði 4
A+++ (hámarksnýtni)				$EEI_{hood} < 30$
A++			$EEI_{hood} < 37$	$30 \leq EEI_{hood} < 37$
A+		$EEI_{hood} < 45$	$37 \leq EEI_{hood} < 45$	$37 \leq EEI_{hood} < 45$
A	$EEI_{hood} < 55$	$45 \leq EEI_{hood} < 55$	$45 \leq EEI_{hood} < 55$	$45 \leq EEI_{hood} < 55$
B	$55 \leq EEI_{hood} < 70$	$55 \leq EEI_{hood} < 70$	$55 \leq EEI_{hood} < 70$	$55 \leq EEI_{hood} < 70$
C	$70 \leq EEI_{hood} < 85$	$70 \leq EEI_{hood} < 85$	$70 \leq EEI_{hood} < 85$	$70 \leq EEI_{hood} < 85$
D	$85 \leq EEI_{hood} < 100$	$85 \leq EEI_{hood} < 100$	$85 \leq EEI_{hood} < 100$	$EEI_{hood} \geq 85$
E	$100 \leq EEI_{hood} < 110$	$100 \leq EEI_{hood} < 110$	$EEI_{hood} \geq 100$	
F	$110 \leq EEI_{hood} < 120$	$EEI_{hood} \geq 110$		
G (lakasta nýtni)	$EEI_{hood} \geq 120$			

- b) Orkunýtniflokkar vökvastreymis fyrir gufugleypi til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við vökvastreymisorkunýtni hans (FDE_{hood}) eins og í eftirfarandi töflu 3. Orkunýtni vökvastreymis fyrir gufugleypa til heimilisnota skal ákvörðuð í samræmi við lið 2.2 í II. viðauka.

Tafla 3

Orkunýtniflokkar vökvastreymis fyrir gufugleypa til heimilisnota

Orkunýtniflokkur vökvastreymis	Orkunýtniflokkur vökvastreymis (FDE_{hood})
A (hámarksnýtni)	$FDE_{hood} > 28$
B	$23 < FDE_{hood} \leq 28$
C	$18 < FDE_{hood} \leq 23$
D	$13 < FDE_{hood} \leq 18$
E	$8 < FDE_{hood} \leq 13$
F	$4 < FDE_{hood} \leq 8$
G (lakasta nýtni)	$FDE_{hood} \leq 4$

- c) Nýtniflokkar lýsingar fyrir gufugleypi til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við nýtni lýsingar (LE_{hood}) eins og í eftirfarandi töflu 4. Nýtni lýsingar fyrir gufugleypa til heimilisnota skal ákvörðuð í samræmi við lið 2.3 í II. viðauka.

Tafla 4

Nýtniflokkar lýsingar fyrir gufugleypa til heimilisnota

Nýtniflokkur lýsingar	Nýtni lýsingar (LE_{hood})
A (hámarksnýtni)	$LE_{hood} > 28$
B	$20 < LE_{hood} \leq 28$
C	$16 < LE_{hood} \leq 20$
D	$12 < LE_{hood} \leq 16$
E	$8 < LE_{hood} \leq 12$
F	$4 < LE_{hood} \leq 8$
G (lakasta nýtni)	$LE_{hood} \leq 4$

- d) Afkastaflokkar fitusíunar fyrir gufugleypi til heimilisnota skulu ákvarðaðir í samræmi við fitusíunarafköst (GFE_{hood}) eins og í eftirfarandi töflu 5. Fitusíunarafköst fyrir gufugleypa til heimilisnota skulu ákvörðuð í samræmi við lið 2.4 í II. viðauka.

Tafla 5

Afkastaflokkar fitusíunar (GFE_{hood}) fyrir gufugleypa til heimilisnota

Afkastaflokkur fitusíunar	Fitusíunarafköst (%)
A (hámarksafköst)	$GFE_{hood} > 95$
B	$85 < GFE_{hood} \leq 95$
C	$75 < GFE_{hood} \leq 85$
D	$65 < GFE_{hood} \leq 75$
E	$55 < GFE_{hood} \leq 65$
F	$45 < GFE_{hood} \leq 55$
G (lökustu afköst)	$GFE_{hood} \leq 45$

II. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar og útreikningar gerð með áreiðanlegri, nákvæmri og samanburðarnákvæmri aðferð sem tekur tillit til almennt viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum, stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær skulu uppfylla tæknilegar skilgreiningar, skilyrði, jöfnur og mælipætti, sem sett eru fram í þessum viðauka.

1. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

Orkunotkun hólf í bakarofni til heimilisnota skal mæld í einni staðlaðri lotu, í hefðbundnum ham og blástursham, sé hann til staðar, með því að hita staðlað magn sem búið er að bleyta í vatni. Sannreyna skal að hitinn innan í hólfi bakarofnsins nái hitastigsstillingu hitastillis og/eða stýriskjá bakarofnsins á meðan á prófunarlotunni stendur. Orkunotkun á lotu sem samsvarar orkunýtnasta ham (hefðbundnum ham eða blástursham) skal notuð við eftirfarandi útreikninga.

Fyrir hvert hólfi bakarofns skal reikna út orkunýtnistuðul (EEI_{cavity}) samkvæmt eftirfarandi formúlum:

fyrir rafmagnsbakarofna til heimilisnota:

$$EEI_{cavity} = \frac{EC_{electric\ cavity}}{SEC_{electric\ cavity}} \times 100$$

$$SEC_{electric\ cavity} = 0,0042 \times V + 0,55 \text{ (í kWh)}$$

fyrir gasbakarofna til heimilisnota:

$$EEI_{cavity} = \frac{EC_{gas\ cavity}}{SEC_{gas\ cavity}} \times 100$$

$$SEC_{gas\ cavity} = 0,044 \times V \text{ 3,53 (í MJ)}$$

þar sem:

- EEI_{cavity} = orkunýtnistuðull fyrir hvert hólfi í bakarofni til heimilisnota, gefið upp í % og námundað með einum aukastaf,
- $SEC_{electric\ cavity}$ = stöðluð orkunotkun (rafmagn) sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í kWh, námundað með tveimur aukastöfum,
- $SEC_{gas\ cavity}$ = Stöðluð orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi gasbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í MJ, námundað með tveimur aukastöfum,
- V = rúmmál hólfis bakarofns í lítrum (L), námundað að næstu heilu tölu,
- $EC_{electric\ cavity}$ = Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi rafmagnsbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í kWh, námundað með tveimur aukastöfum,
- $EC_{gas\ cavity}$ = Orkunotkun sem þarf til að hita staðlað magn í hólfi gasbakarofna til heimilisnota, á meðan á lotu stendur, gefið upp í MJ, námundað með tveimur aukastöfum.

2. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

2.1. Útreikningur orkunýtnistuðuls (EEI_{hood})

Orkunýtnistuðull (EEI_{hood}) er reiknaður út sem:

$$EEI_{hood} = \frac{AEC_{hood}}{SAEC_{hood}} \times 100$$

og námundað að einum aukastaf.

þar sem:

- $SAEC_{hood}$ = stöðluð, árleg orkunotkun gufugleypis til heimilisnota, gefið upp í kWh/ári og námundað með einum aukastaf,
- AEC_{hood} = árleg orkunotkun gufugleypis til heimilisnota, gefið upp í kWh/ári og námundað með einum aukastaf.

Stöðluð, árleg orkunotkun ($SAEC_{hood}$) gufugleypis til heimilisnota skal reiknuð út sem:

$$SAEC_{hood} = 0,55 \times (W_{BEP} + W_L) + 15,3$$

þar sem:

- W_{BEP} er rafinnafi gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,
- W_L er nafnrafinnafi fyrir lýsingarkerfi gufugleypa til heimilisnota á yfirborðinu sem eldað er á, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

Árleg orkunotkun (AEC_{hood}) gufugleypa til heimilisnota skal reiknuð út sem:

- i. fyrir gufugleypa til heimilisnota sem eru alveg sjálfvirkir:

$$AEC_{hood} = \left[\frac{(W_{BEP} \times t_H \times f) + (W_L \times t_L)}{60 + 1000} + \frac{P_o \times (1440 - t_H \times f)}{2 \times 60 = 1000} + \frac{P_s \times (1440 t_H - \times f)}{2 \times 60 = 1000} \right] \times 365$$

- ii. fyrir alla aðra gufugleypa til heimilisnota:

$$AEC_{hood} = \frac{[W_{BEP} \times (t_H \times f) + W_L \times t_L]}{60 \times 1000} \times 365$$

þar sem:

- t_L er meðallýsingartími á dag, í mínútum ($t_L = 120$),
- t_H er meðalgangtími gufugleypa til heimilisnota á dag, í mínútum ($t_H = 60$),
- P_o er rafinnafi þegar slökkt er á gufugleypi til heimilisnota, gefið upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,
- P_s er rafinnafi í reiðuham fyrir gufugleypi til heimilisnota, gefið upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,
- f er tímaaukningarstuðullinn, reiknaður út og námundaður að einum aukastaf, sem:

$$f = 2 - (FDE_{hood} \times 3,6)/100$$

2.2. Útreikningur á orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood})

Orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) við mestu nýtni er reiknuð út samkvæmt eftirfarandi formúlu og er námundað með einum aukastaf:

$$FDE_{hood} = \frac{Q_{BEP} \times P_{BEP}}{3600 \times W_{BEP}} \times 100$$

þar sem:

- Q_{BEP} er streymi gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í m³/klst. og námundað með einum aukastaf,
- P_{BEP} er kyrrþrúðingarmunur gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefinn upp í Pa og námundaður að næstu heilu tölu,
- W_{BEP} er rafinnafi gufugleypa til heimilisnota við bestu orkunýtni, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

2.3. Útreikningur á nýtni lýsingar (LE_{hood})

Nýtni lýsingar (LE_{hood}) gufugleypis til heimilisnota er hlutfallið á milli meðallýsingar og nafnrafinnafis lýsingarkerfisins. Það skal reiknað út í lúx á hvert vatt og námundað að næstu heilu tölu, sem:

$$LE_{hood} = \frac{E_{middle}}{W_L}$$

þar sem:

- E_{middle} er meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á, mælt við staðalskilyrði, í lúx og námundað að næstu heilu tölu,
- W_L er nafnrafinnafi fyrir lýsingarkerfi gufugleypa til heimilisnota á yfirborðinu sem eldað er á, gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf.

2.4. Útreikningur á fitusíunarafköstum (GFE_{hood})

Fitusíunarafköst (GFE_{hood}) gufugleypis til heimilisnota er hlutfallslegt magn fitu sem verður eftir innan hvernar fitusíu gufugleypis. Hún skal reiknuð út og námundað með einum aukastaf sem:

$$GFE_{hood} = [w_g(w_r + w_t + w_s)] \times 100 [\%]$$

þar sem:

- w_g = massi olíunnar sem verður eftir í fitusíunni, þ.m.t. allri lausri klæðningu, gefinn upp í g og námundaður með einum aukastaf,
- w_r = massi olíunnar sem verður eftir í loftbrautum gufugleypa, gefinn upp í g og námundaður með einum aukastaf,
- w_s = massi olíunnar sem verður eftir í föstu síunni (e. *absolute filter*), gefinn upp í g og námundaður með einum aukastaf.

2.5. Hávaði

Hávaðagildi (í dB) er mælt sem hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðafslusun sem berst í lofti (vegið meðalgildi — L_{WA}) frá gufugleypi til heimilisnota á hæstu stillingu fyrir hefðbundna notkun, námundað að næstu heilu tölu.


III. VIÐAUKI

Merkimiðinn

1. MERKIMIÐI FYRIR BAKAROFNA TIL HEIMILISNOTA

1.1. Rafmagnsbakarofnar til heimilisnota

1.1.1. Framsetning merkimiða — fyrir hvert hólf rafmagnsbakarofns til heimilisnota



I,II

III

IV

V, VI


1.1.2. *Upplýsingar á merkimiða— rafmagnsbakarofnar til heimilisnota*

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

- I. Nafn eða vörumerki birgis,
- II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,
- III. Orkugjafi bakarofns til heimilisnota,
- IV. Orkunýtniflokkur hólfis sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. Örvaroddurinn með viðeigandi kennistaf skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,
- V. Nýtanlegt rúmmál hólfis í lítrum, námundað að næstu heilu tölu,
- VI. Orkunotkun á hverja lotu gefin upp í kWh/lotu (raforkunotkun) fyrir hitunarvirgni (hefðbundna og ef hún er til staðar blásturshitun) hólfis, miðað við staðlað magn, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir og námunduð með tveimur aukastöfum (*EC_{electric cavity}*).

1.1.3. *Hönnun merkimiða— rafmagnsbakarofnar til heimilisnota*

Hönnun merkimiða fyrir hvert hólf rafmagnsbakarofna til heimilisnota skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:




Þar sem:

- i. Merkimiðinn skal vera minnst 85 mm á breidd og 170 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.
- ii. Bakgrunnurinn skal vera hvítur.
- iii. Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.
- iv. Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

- 1 **Rammastrík:** 4 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.
- 2 **Kennimerki ESB:** litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.
- 3 **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00, skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 70 mm, hæð: 14 mm.
- 4 **Lína undir kennimerki:** 1,5 pt — litur: blár 100% — lengd: 70 mm.
- 5 **Kvarði orkuflokka**
 - Ör: hæð: 5,5 mm, bil: 1 mm — litir:
 - Hæsti flokkur: X-00-X-00
 - Annar flokkur: 70-00-X-00,
 - Þriðji flokkur: 30-00-X-00,
 - Fjórði flokkur: 00-00-X-00,
 - Fimmti flokkur: 00-30-X-00,
 - Sjötti flokkur: 00-70-X-00,
 - Síðasti flokkur: 00-X-X-00
 - *Texti:* Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.
- 6 **Orkunýtniflokkur**
 - Ör: breidd: 20 mm, hæð: 10 mm, 100% svartur,
 - *Texti:* Feitt, 24 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.
- 7 **Orkunotkun fyrir hverja lotu**
 - *Ramma:* 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.
 - *Gildi:* Feitt 19 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.
- 8 **Rúmmál**
 - *Ramma:* 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.
 - *Gildi:* Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.
- 9 **Stjarna:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur 100% svart.
- 10 **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 10 pt Calibri-letur, 100% svart
- 11 **Nafn eða vörumerki birgis**
- 12 **Tegundarauðkenni birgis**
- 13 **Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni** skulu rúmast í 70 x 13 mm rými.

1.2. Gasbakarofnar til heimilisnota

1.2.1. Framsetning merkimiða — fyrir hvert hólf gasbakarofns til heimilisnota



1.2.2. Upplýsingar á merkimiða

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

- I. Nafn eða vörumerki birgis,
- II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,
- III. Orkugjafi bakarofns til heimilisnota,


IV. Orkunýtniflokkur hólfs sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. Örvaroddurinn með viðeigandi kennistaf skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

V. Nýtanlegt rúmmál hólfs í lítrum, námundað að næstu heilu tölu,

VI. Orkunotkun á hverja lotu gefin upp í MJ/lotu og í kWh/lotu⁽⁶⁾ (gasnotkun) fyrir hitunarvirgni (hefðbundna og ef hún er til staðar, blásturshitun) hólfs, miðað við staðlað magn, ákvörðuð í samræmi við prófunaraðferðir og námundað með tveimur aukastöfum (*EC_{gas cavity}*).

1.2.3. Hönnun merkimiða— gasbakarofnar til heimilisnota

Hönnun merkimiða fyrir hvert hólf gasbakarofna til heimilisnota skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



⁽⁶⁾ 1 kWh/lotu = 3,6 MJ/lotu.

Þar sem:

- i. Merkimiðinn skal vera minnst 85 mm á breidd og 170 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.
- ii. Bakgrunnurinn skal vera hvítur.
- iii. Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.
- iv. Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

① **Rammastrík:** 4 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

② **Kennimerki ESB:** litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

③ **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00, skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkimiði: breidd: 70 mm, hæð: 14 mm.

④ **Lína undir kennimerki:** 1,5 pt — litur: blár 100% — lengd: 70 mm.

⑤ **Kvarði orkuflokka**

— **Ör:** hæð: 5,5 mm, bil: 1 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00

— **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

⑥ **Orkunýtniflokkur**

— **Ör:** breidd: 20 mm, hæð: 10 mm, 100% svartur,

— **Texti:** Feitt, 24 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.

⑦ **Orkunotkun fyrir hverja lotu**

— **Rammi:** 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

— **Gildi:** Feitt 19 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.

⑧ **Rúmmál**

— **Rammi:** 1,5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3 mm.

— **Gildi:** Feitt 20 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart.

⑨ **Stjarna:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur 100% svart.

⑩ **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 10 pt Calibri-letur, 100% svart

⑪ **Nafn eða vörumerki birgis**


⑫ **Tegundarauðkenni birgis**

⑬ **Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 70 x 13 mm rými.**


2. MERKIMIÐI FYRIR GUFUGLEYPÍ TIL HEIMILISNOTA

2.1. Snið merkimiða


2.1.1. Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A til G (merkimiði 1)




2.1.2. Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A+ til F (merkimiði 2)



2.1.3. Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A++ til E (merkimiði 3)



2.1.4. Gufugleypar til heimilisnota í orkunýtniflokkum A+++ til D (merkimiði 4)




2.2. Upplýsingar á merkimiða— gufugleypar til heimilisnota

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

- I. Nafn eða vörumerki birgis,
- II. Tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóða, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund gufugleypis til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,
- III. Orkunýtniflokkur gufugleypa til heimilisnota sem ákvarðaður er í samræmi við I. viðauka. Örvaroddurinn sem sýnir orkunýtniflokk gufugleypis til heimilisnota skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,
- IV. Árleg orkunotkun (AEC_{hood}) reiknuð út í samræmi við II. viðauka, í kWh, námundað að næstu heilu tölu,
- V. Orkunýtniflokkur vökvastreymis, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,
- VI. Nýtniflokkur lýsingar, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,
- VII. Afkastaflokkur fitusíunar, ákvarðaður í samræmi við I. viðauka,
- VIII. Hávaðagildi ákvarðað í samræmi við lið 2.5 í II. viðauka, námundað að næstu heilu tölu.

2.3. Hönnun merkimiða — gufugleypar til heimilisnota

Hönnun merkimiðans skal vera eins og sýnt er á eftirfarandi mynd:



Þar sem:

- i. Merkimiðinn skal vera minnst 60 mm á breidd og 120 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.
- ii. Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

- iii. Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.
- iv. Merkiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):
- 1 **Rammastrík:** 3 pt — litur: Blár 100% — rúnnuð horn: 2 mm.
 - 2 **Kennimerki ESB:** litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.
 - 3 **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00, skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkumerkið: breidd: 51 mm, hæð: 10 mm.
 - 4 **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: Blár 100% — lengd: 51 mm.
 - 5 **Kvarði orkuflokka**
 - **Ör:** hæð: 4 mm, bil: 0,75 mm — litir:
 - Hæsti flokkur: X-00-X-00
 - Annar flokkur: 70-00-X-00,
 - Þriðji flokkur: 30-00-X-00,
 - Fjórði flokkur: 00-00-X-00,
 - Fimmti flokkur: 00-30-X-00,
 - Sjötti flokkur: 00-70-X-00,
 - Síðasti flokkur: 00-X-X-00
 - **Texti:** Feitt, 10 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 7 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.
 - 6 **Orkunýtniflokkur**
 - **Ör:** breidd: 15 mm, hæð: 8 mm, 100% svartur,
 - **Texti:** Feitt, 17 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; „+“ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur, í hvítum lit og raðað í eina röð.
 - 7 **Árleg orkunotkun**
 - **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.
 - **Gildi:** Feitt 21 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 8 pt Calibri-letur, 100% svart.
 - 8 **Orkunýtni vökvastreymis**
 - **Skýringarmynd eins og sýnd er**
 - **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.
 - **Gildi:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 11,5 pt Calibri-letur, 100% svart.
 - 9 **Nýtni lýsingar**
 - **Skýringarmynd eins og sýnd er**
 - **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.
 - **Gildi:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 11,5 pt Calibri-letur, 100% svart.
 - 10 **Fitusíunarafköst**
 - **Skýringarmynd eins og sýnd er**
 - **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.
 - **Gildi:** Hefðbundið 10 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 14 pt Calibri-letur, 100% svart.

11 Hávaðastig

— Skýringarmynd eins og sýnd er

— **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 2,5 mm.

— **Gildi:** Hefðbundið 6 pt Calibri-letur, 100% svart og feitt 11,5 pt Calibri-letur, 100% svart.

12 Númer reglugerðarinnar: Feitt 8 pt Calibri-letur, 100% svart**13 Nafn eða vörumerki birgis****14 Tegundarauðkenni birgis****15 Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 51 x 9 mm rými.**

IV. VIÐAUKI

Upplýsingablað

A. UPPLÝSINGABLAÐ FYRIR BAKAROFNA TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingar í vöruupplýsingablaði fyrir bakarofna til heimilisnota sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. skulu veittar með þeim hætti sem skilgreindur er að neðan og í þeirri röð sem tilgreind er að neðan og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:
 - a) nafn eða vörumerki birgis,
 - b) tegundarauðkenni birgis er kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mælipáttu sem koma fram á merkimiða fyrir bakarofn til heimilisnota (1. liður III. viðauka),
 - c) orkunýtnistuðull (EEI_{cavity}) fyrir hvert hólfi tegundarinnar sem reiknaður er út í samræmi við 1. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf, tilgreindur orkunýtnistuðull skal ekki fara yfir þann stuðul sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - d) orkunýtniflokkur tegundarinnar fyrir hvert hólfi, eins og hann er skilgreindur í töflu 1 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - e) orkunotkun á hverja lotu fyrir hvert hólfi, ef hún er í boði í hefðbundnum ham og blástursham (mæld orkunotkun skal gefin upp í kWh (rafmagns- og gasbakarofnar) og í MJ (gasbakarofnar) og námunduð með tveimur aukastöfum), yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en það gildi sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - f) fjöldi hólfu, varmagjafa á hvert hólfi og rúmmál hvers hólfu.
2. Hafi tegund verið úthlutað umhverfismerki ESB í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009⁽⁷⁾) má bæta afriti af umhverfismerkinnu við með fyrirvara um kröfur reglugerðarinnar um veitingu umhverfismerkisins.
3. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir bakarofna frá sama birgi.
4. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann fyrir hvert hólfi (annaðhvort í lit eða í svart-hvítu). Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1 og koma ekki fram á merkimiða.

B. UPPLÝSINGABLAÐ FYRIR GUFUGLEYPÍ TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaði fyrir gufugleypa til heimilisnota sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. skulu veittar með þeim hætti sem skilgreindur er að neðan og í þeirri röð sem tilgreind er að neðan og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:
 - a) nafn eða vörumerki birgis,
 - b) tegundarauðkenni birgis er kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund gufugleypis til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mælipáttu sem koma fram á merkimiða fyrir gufugleypi til heimilisnota (2. liður III. viðauka),
 - c) árleg orkunotkun (AEC_{hood}) reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka, gefin upp í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - d) orkunýtniflokkur, eins og hann er skilgreindur í töflu 2 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - e) Orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera hærra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - f) orkunýtniflokkur vökvastreymis, eins og hann er skilgreindur í töflu 3 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,

⁽⁷⁾ Stj. tíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

- g) nýtni lýsingar (LE_{hood}) reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka, gefin upp í lúx/vatt og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera hærra en tilkynnta gildið í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - h) nýtniflokkur lýsingar, eins og hann er skilgreindur í töflu 4 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem er skráður í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - i) fitusíunarafköst reiknuð út skv. 2. lið II. viðauka, gefin upp í hundraðshlutum og námunduð með einum aukastaf, yfirlýst gildi skal ekki vera hærra en gildið sem skráð er í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - j) afkastaflokkur fitusíunar, eins og hann er skilgreindur í töflu 5 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - k) loftstreymi (í $m^3/klst.$ og námundað að næstu heilu tölu) við lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, hamur með aukinni virkni undanskilinn, yfirlýst gildi skulu ekki vera hærri en gildin sem skráð eru í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - l) ef það er til staðar, loftstreymi (í $m^3/klst.$ og námundað að næstu heilu tölu) í ham með aukinni virkni, yfirlýst gildi skulu ekki vera hærri en gildin sem skráð eru í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - m) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðafslösun sem berst í lofti (í dB, námunduð að næstu heilu tölu), við lágmarks- og hámarkshraða við hefðbundna notkun, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð eru í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - n) ef það er til staðar, hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðafslösun sem berst í lofti (í dB og námunduð að næstu heilu tölu) í ham með aukinni virkni, yfirlýst gildi skal ekki vera lægri en gildin sem skráð eru í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - o) ef við á, orkunotkun þegar slökkt er á tæki (P_o), gefin upp í vöttum og námunduð með tveimur aukastöfum, yfirlýst gildi skulu ekki vera lægri en gildin sem skráð eru í tæknigögnunum í V. viðauka,
 - p) ef við á, orkunotkun þegar tækið er í reiðuham (P_s), gefin upp í vöttum og námunduð með tveimur aukastöfum, yfirlýst gildi skulu ekki vera lægri en gildin sem skráð eru í tæknigögnunum í V. viðauka.
2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir gufugleypa til heimilisnota, frá sama birgi.
3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann (annaðhvort í lit eða í svart-hvítu). Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í lið 1 og koma ekki fram á merkimiða.

V. VIÐAUKI

Tæknigögn

A. TÆKNIGÖGN FYRIR BAKAROFNA TIL HEIMILISNOTA

1. Í tæknigögnunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. skulu koma fram a.m.k.:
 - a) nafn og heimilisfang birgis,
 - b) almenn lýsing á tegund tækis þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa, þ.m.t. tegundarauðkenni birgis (þ.e. kóði, venjulega alstafa) sem greinir tiltekna tegund bakarofns til heimilisnota frá öðrum tegundum sem hafa sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem koma fram á merkimiða fyrir bakarofn til heimilisnota (1. liður III. viðauka),
 - c) tæknilegir mæliþættir við mælingar svo sem:
 - i. fjöldi hólfa, rúmmál hvers hólf, varmagjafar í hverju hólf, hitunarvirgni (hefðbundin og/eða blásturshitun) í hverju hólf,
 - ii. orkunotkun á hverja lotu fyrir hvert hólf, ef hefðbundin virkni og blástursvirkni eru mögulegar (mæld orkunotkun skal gefin upp í kWh (rafmagns- og gasbakarofnar) og í MJ (gasbakarofnar) og námunduð með tveimur aukastöfum,
 - iii. orkunýtnistuðull (EEl_{cavity}) fyrir hvert hólf bakarofns til heimilisnota, reiknaður út í samræmi við 1. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf,
 - iv. orkunýtniflokkur fyrir hvert hólf bakarofns til heimilisnota, eins og hann er skilgreindur í töflu 1 í I. viðauka,
 - d) afrit af útreikningum og niðurstöðum útreikninga sem gerðir eru í samræmi við II. viðauka,
 - e) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,
 - f) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,
 - g) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn.
2. Birgjar geta bætt viðbótarupplýsingum aftan við framangreindan lista.

B. TÆKNIGÖGN FYRIR GUFUGLEYPA TIL HEIMILISNOTA

1. Í tæknigögnunum sem um getur í iii. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr. skulu koma fram a.m.k.:
 - a) nafn og heimilisfang birgis,
 - b) almenn lýsing á tegund tækis þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa, þ.m.t. tegundarauðkenni birgis (þ.e. kóði, venjulega alstafa) sem greinir tiltekna tegund gufugleypis til heimilisnota frá öðrum tegundum sem hafa sama vörumerki eða nafn birgis en annað yfirlýst gildi fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem koma fram á merkimiða fyrir gufugleypu til heimilisnota (2. liður III. viðauka),
 - c) tæknilegir mæliþættir við mælingar svo sem:
 - 1) orkunýtnistuðull (EEl_{hood}) reiknaður út í samræmi við 2. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf,
 - 2) orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í 2. lið I. viðauka,
 - 3) árleg orkunotkun (AEC_{hood}) reiknuð út í samræmi við 2. lið II. viðauka, gefin upp í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf,
 - 4) tímaaukningarstuðull (f) í samræmi við 2. lið II. viðauka og námundaður með einum aukastaf,
 - 5) orkunýtni vökvastreymis (FDE_{hood}) reiknuð út í samræmi við 2. lið II. viðauka og námunduð með einum aukastaf,
 - 6) orkunýtniflokkur vökvastreymis eins og hann er skilgreindur í 3. lið I. viðauka,
 - 7) mælt streymi gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni (Q_{BEP}), gefið upp í $m^3/klst.$ og námundað með einum aukastaf,

- 8) mæligildi kyrruþrýstingsmunar gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni (P_{BEP}), gefið upp í Pa og námundað að næstu heilu tölu,
 - 9) mæligildi rafinnafis gufugleypis til heimilisnota við bestu orkunýtni (W_{BEP}), gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,
 - 10) meðallýsing lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á (E_{middle}), gefin upp í lúx og námundað að næstu heilu tölu,
 - 11) nafnorkunotkun lýsingarkerfis á yfirborðið sem eldað er á (W_L), gefið upp í vöttum og námundað með einum aukastaf,
 - 12) mæligildi nýtni lýsingar (LE_{hood}) reiknað út skv. 2. lið II. viðauka, gefið upp í lúx/vöttum og námundað að næstu heilu tölu,
 - 13) nýtniflokkur lýsingar eins og hann er skilgreindur í 4. lið I. viðauka,
 - 14) mæligildi fitusíunarafkasta (GFE_{hood}) reiknað út skv. 2. lið II. viðauka og námundað með einum aukastaf,
 - 15) afkastaflokkur fitusíunar eins og hann er skilgreindur í 5. lið I. viðauka,
 - 16) ef við á, aflþörf þegar slökkt er á tæki (P_o), gefin upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,
 - 17) ef við á, aflþörf í reiðuham (P_s), gefin upp í vöttum og námundað með tveimur aukastöfum,
 - 18) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðafslusun sem berst í lofti, á mögulegum lágmarks- og hámarksþraða við hefðbundna notkun, gefin upp í dB og námundað að næstu heilu tölu,
 - 19) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðafslusun sem berst í lofti, í ham með aukinni virki, ef hann er til staðar, gefin upp í dB og námundað að næstu heilu tölu,
 - 20) loftstreymisgildi gufugleypis til heimilisnota á mögulegum lágmarks- og hámarksþraða við hefðbundna notkun, gefið upp í $m^3/klst.$ og námundað með einum aukastaf,
 - 21) loftstreymisgildi gufugleypis til heimilisnota í ham með aukinni virkni, ef hann er til staðar, gefið upp í $m^3/klst.$ og námundað með einum aukastaf,
- d) afrit af útreikningum og niðurstöðum útreikninga sem gerðir er í samræmi við II. viðauka,
 - e) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,
 - f) eftir því sem við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,
 - g) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn.
2. Birgjar mega láta viðbótarupplýsingar fylgja með.

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna, nema á Netinu

A. BAKAROFNAR TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:
 - a) nafn eða vörumerki birgis,
 - b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. tegundarauðkenni tilgreinds bakarofns til heimilisnota sem tölurnar sem vísað er í að neðan eiga við um,
 - c) orkunýtniflokkur tegundarinnar fyrir hvert hólfi, eins og hann er skilgreindur í töflu 1 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - d) orkunotkun á hverja lotu fyrir hvert hólfi, ef hefðbundin virkni og blástursvirkni eru mögulegar (mæld orkunotkun skal gefin upp í kWh (rafmagns- og gasbakarofnar) og í MJ (gasbakarofnar) og námunduð með tveimur aukastöfum), yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en það gildi sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - e) fjöldi hólfra, varmagjafa á hvert hólfi og rúmmál hvers hólfis.
2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í IV. viðauka.
3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

B. GUFUGLEYPAR TIL HEIMILISNOTA

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:
 - a) nafn eða vörumerki birgis,
 - b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. tegundarauðkenni tilgreinds gufugleypis sem tölurnar sem vísað er í að neðan eiga við um,
 - c) orkunýtniflokkur tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 2 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - d) árleg orkunotkun tegundarinnar í kWh, eins og hún er skilgreind í lið 2.1 í II. viðauka, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - e) Orkunýtniflokkur vökvastreymis tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 3 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - f) lýsingarnýtniflokkur tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 4 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - g) fitusíunarafkastaflokkur tegundarinnar eins og hann er skilgreindur í töflu 5 í I. viðauka, tilgreindur flokkur skal ekki vera betri en flokkurinn sem skráður er í tæknigögnum í V. viðauka,
 - h) hljóðeðlisfræðileg A-vegin hljóðafslusun sem berst í lofti (vegið meðalgildi – L_{WA}) gufugleypis til heimilisnota á mögulegum lágmarks- og hámarksþræða við hefðbundna notkun, gefin upp í dB og námunduð að næstu heilu tölu, yfirlýst gildi skal ekki vera lægra en gildið sem skráð er í tæknigögnum í V. viðauka.
2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í IV. viðauka.
3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

VII. VIÐAUKI

Upplýsingar sem veita skal ef um er að ræða sölu, leigu eða kaupleigu í gegnum Netið

1. Í liðum 2 til 5 í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „birtingarkerfi“: allir skjáir, þ.m.t. snertiskjáiir eða önnur sjónræn tækni sem notuð er til að sýna notendum efni á Netinu,
 - b) „földuð birting“: sjónrænt viðmót þar sem mynd eða gagnasafn er nálgast með því að smella með músinni á það, músarbendli er haldið yfir eða með útvíkkun frá annari mynd eða gagnasafni, á snertiskjá,
 - c) „snertiskjár“: skjár sem bregst við snertingu, svo sem á spjaldtölvu (e. *tablet computer*), pennatölvu (e. *slate computer*) eða snjallsíma,
 - d) „annar texti“: texti sem notaður er sem annar valkostur við myndræna útfærslu og gerir það kleift að veita upplýsingar með öðrum hætti en myndrænum þegar birtingartæki ráða ekki við myndirnar eða til að bæta aðgengi, svo sem ílag fyrir raddgervlaforrit.
2. Viðeigandi merkimiði sem birgir gerir aðgengilegan í samræmi við vi. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. eða vi. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr. skal vera til sýnis í birtingarkerfi í nálægð við verð vörunnar í samræmi við tímaáætlunina sem sett er fram í 3. mgr. 3. gr. Fyrir bakarofna skal viðeigandi merkimiði sýndur fyrir hvert hólf bakarofnsins. Stærðin skal vera þannig að merkimiðinn sé auðsýnilegur og læsilegur og skal vera í réttu hlutfalli við stærðina sem tilgreind er í III. viðauka. Merkimiðinn má vera sýndur með faldaðri birtingu en þá skal myndin sem notuð er til að nálgast merkimiðann vera í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í 3. lið þessa viðauka. Ef notast er við faldaða birtingu skal merkimiðinn birtast þegar fyrst er smeltt með músinni á hann, um leið músarbendli er haldið yfir eða við fyrstu útvíkkun myndarinnar á snertiskjá.
3. Myndin sem notuð er til að nálgast merkimiðann ef um er að ræða faldaða birtingu skal:
 - a) vera ör í lit sem samsvarar orkunýtniflokki vörunnar á merkimiðanum,
 - b) gefa til kynna orkunýtniflokk vörunnar á örinni, með hvítu letri sem samsvarar því sem notað er til að sýna verð, og
 - c) vera á öðru af tveimur eftirfarandi sniðum:



4. Ef um er að ræða faldaða birtingu skal röðin sem merkimiðinn er sýndur í vera eins og hér segir:
 - a) myndin sem um getur í 3. lið þessa viðauka skal vera sýnd í birtingarkerfi í nálægð við verð vörunnar,
 - b) myndin skal vera hlekkur á merkimiðann,
 - c) merkimiðinn skal sýndur eftir að fyrst er smeltt með músinni á hann, eftir að músarbendli er haldið yfir eða eftir fyrstu útvíkkun á myndinni á snertiskjá,
 - d) merkimiðinn skal sýndur í sprettiglugga, nýjum flípa, nýrri síðu eða með skjámynd,
 - e) til að stækka merkimiðann á snertiskjám skulu almennar aðferðir tækisins til stækkunar gilda,
 - f) til að hætta að sýna miðann skal vera lokunarvalmöguleiki eða önnur stöðluð aðferð til að loka honum,
 - g) annar texti í stað myndrænnar útfærslu, sem sýndur er þegar mistekst að sýna merkimiðann, skal tilgreina orkunýtniflokk vörunnar í sambærilegri leturstærð og þeirri sem notuð er til að sýna verð.
5. Viðeigandi vöruupplýsingablað sem birgir gerir aðgengilegt í samræmi við vii. lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. eða vii. lið b-liðar í 1. mgr. 3. gr. skal sýnt í birtingarkerfi í nálægð við verð vörunnar. Stærðin skal vera þannig að vöruupplýsingablaðið sé auðsýnilegt og læsilegt. Sýna má vöruupplýsingablaðið í faldaðri birtingu en þá skal hlekkurinn sem notaður er til að nálgast það vera auðsýnilegur og tilgreina með læsilegum hætti „vöruupplýsingablað“. Ef notast er við faldaða birtingu skal vöruupplýsingablaðið birtast þegar fyrst er smeltt á það með músinni, um leið og músarbendli er haldið yfir eða við fyrstu útvíkkun á hlekknum á snertiskjá.

VIII. VIÐAUKI

Málsmeðferð markaðseftirlitsyfirvalda við samræmisathugun vöru

Í þeim tilgangi að meta samræmi vara við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi aðferð:

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.
2. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur:
 - a) ef gildin og flokkarnir á merkimiðum og í vöruupplýsingablaðinu eru ekki hagstæðari fyrir birginn en gildin í tæknigögnunum, þ.m.t. prófunarskýrslum, og
 - b) ef prófun á viðeigandi mælipáttum tegundarinnar, þar sem vikmörkunum sem skráð eru í töflu 6 er beitt, sýnir fram á að allir þessir mælipættir uppfylli kröfur.
3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-lið 2. liðar fást ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.
4. Ef niðurstöðurnar sem um getur í b-lið 2. liðar fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar. Að öðrum kosti má velja þessar þrjár viðbótareiningar af einni tegund eða fleiri sem hafa verið skráðar sem sambærileg vara í tæknigögnum birgis.
5. Tegundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur ef prófun á viðeigandi mælipáttum í töflu 6, sem skipta máli fyrir tegundina, sýnir fram á að kröfur eru uppfylltar hvað alla þessa mælipætti varðar.
6. Ef niðurstaðan sem um getur í 5. lið fæst ekki telst tegundin og allar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í II. viðauka.

Vikmörkunum sem sett eru fram í þessum viðauka skal aðeins beitt við sannprófun yfirvalda aðildarríkis á mældum þáttum sem standa fyrir leyfð frávik frá niðurstöðum mælinga í sannprófun og skal birgir ekki nota þau við að ákvarða gildi í tæknigögnum eða við túlkun þessara gilda með það í huga að fá betri merkingu vegna flokkunar eða til að gefa til kynna betri nýtingu með neinum hætti.

Tafla 6

Vikmörk við sannprófun

Mældir þættir	Vikmörk við sannprófun
Massi bakarofns (M)	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið M en sem nemur 5%.
Rúmmál hólfis í bakarofni (V)	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið V en sem nemur 5%.
$EC_{\text{electric cavity}}$, $EC_{\text{gas cavity}}$	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið $EC_{\text{electric cavity}}$, $EC_{\text{gas cavity}}$ en sem nemur 5%.
W_{BEP} , W_{L}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið W_{BEP} , W_{L} en sem nemur 5%.
Q_{BEP} , P_{BEP}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið Q_{BEP} , P_{BEP} en sem nemur 5%.
Q_{max}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið Q_{max} en sem nemur 8%.
E_{middle}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið E_{middle} en sem nemur 5%.
GFE_{hood}	Ákvarðaða gildið skal ekki vera lægra en yfirlýsta gildið GFE_{hood} en sem nemur 5%.
P_o , P_s	Ákvarðað gildi aflþarfar P_o og P_s skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 10%. Ákvarðað gildi aflþarfar P_o og P_s sem er jafnt og eða minna en 1,00 W skal ekki vera hærra en yfirlýsta gildið en sem nemur 0,10 W.
Hljóðafsstig L_{WA}	Ákvarðað gildi skal ekki vera hærra en yfirlýst gildi.